

Nd.

**680. Breytingartillögur**

[123. mál]

við frv. til laga um hollustuhætti og hollustuvernd.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Þar sem orðið „hollusta“ kemur fyrir í frumvarpinu sem fyrri liður í samsettu-um orðum skal standa „heilbrigði“, svo sem heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi og heilbrigðiseftirlitssvæði í stað hollustunefndar, hollustufulltrúa og hollustu-  
eftirlitssvæðis.  
Samsetta orðið „hollustuhættir“ svo og stofnanaheitið „Hollustuvernd ríkis-  
ins“ standa óbreytt.  
Þar sem orðið „hollustumál“ kemur fyrir skal standa „hollustuháttamál“. Í  
stað „hollustuverndarreglugerðar“ komi „heilbrigðisreglugerð“.
2. Við 2. gr. 2. tl. 7 falli niður og aðrir töluliðir færast fram sem því nemur.
3. Við 4. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. gr. 2. tl. og orðist svo:
  - 4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustu-  
háttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.
4. Við 5. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 5. gr. 3. og 4. tl. og orðist svo:
  - 5.3. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun  
fyrir næsta ár og áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í  
umdæminu sem miðast við íbúatölu 1. desember árið á undan.
  - 5.4. Heilbrigðisnefndir skulu gera fyrir fram áætlanir um allar fjárfrekar fram-  
kvæmdir innan umdæmisins í samræmi við 3. tl. þessarar greinar.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
  - 6.1. Í landinu skulu starfa 47 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitar-  
stjórnarkosningar. Um skipan heilbrigðisnefnda og kosningar í þær fer  
sem hér segir:
    - 6.2. **Reykjavíkursvæði.**  
Þar starfa 2 nefndir:
      - 1) **Reykjavík**, skipuð sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn.  
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
      - 2) **Seltjarnarnes**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.  
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður.
    - 6.3. **Vesturlandssvæði.**  
Þar starfa 5 nefndir:
      - 1) **Akranes**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skil-  
mannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akra-  
neskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Fulltrúar  
annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu kjósa  
tvo.
      - 2) **Borgarnes**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraun-  
hreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorra-  
dalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtaldalshreppur, Hálsa-  
hreppur, Hvítársíðahreppur, Þverárhliðahreppur, Norðurárdalshreppur

og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa, kosinn af sveitarstjórn, en hinir fjórir skulu kosnir af fulltrúum allra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefndum Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Snæfellsnessýslu.

- 3) Ólafsvík, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðvíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Snæfellsnessýslu kjósa tvo.
- 4) Stykkishólmur, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórnnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Snæfellsnessýslu og Austur-Barðastrandarsýslu kjósa tvo.
- 5) Búðardalur, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum allra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Dalasýslu.

#### 6.4. Vestfjarðasvæði.

Þar starfa 6 nefndir:

- 1) Austur-Barðastrandarsýsla, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu.  
Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur.
- 2) Patreksfjörður, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patreksahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur. Patreksahreppur skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn og Suðurfjarðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu kjósa einn.
- 3) Vestur-Ísafjarðarsýsla, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrarhreppur einn og Suðureyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Fulltrúar hinna hreppanna í sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu kjósa tvo.
- 4) Bolungarvík, skipuð þrem fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.  
Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.
- 5) Ísafjörður, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjú fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa í sýslunefnd Norður Ísafjarðarsýslu kjósa tvo.
- 6) Hólmavík, skipuð þrem fulltrúum.  
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Fulltrúar hinna hreppanna í sýslunefnd Strandarsýslu á starfssvæðinu kjósa tvo.

## 6.5. Norðurlandssvæði vestra.

Þar starfa 4 nefndir:

- 1) **Hvammstangi**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Fulltrúar hinna hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu og Strandasýslu kjósa þrjá.
- 2) **Blönduós**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kjósa tvo.
- 3) **Sauðárkrókur**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Skagafjarðarsýslu kjósa þrjá.
- 4) **Siglufjörður**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.

## 6.6 Eyjafjarðarsvæði.

Þar starfa 3 nefndir:

- 1) **Dalvík**, skipuð þremur fulltrúum.  
Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógsahreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn og fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kjósa einn.
- 2) **Ólafsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.  
Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.
- 3) **Akureyri**, skipuð sjö fulltrúum.  
Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Grýtubakkahreppur og Hálsahreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn, en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu kjósa tvo.

## 6.7. Norðurlandssvæði eystra.

Þar starfa 4 nefndir:

- 1) **Húsavík**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu kjósa tvo.

- 2) **Kópasker**, skipuð þremur fulltrúum.  
Starfssvæði: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu kjósa tvo.
- 3) **Þórshöfn**, skipuð þremur fulltrúum.  
Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa, kosna af sveitarstjórn, og fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu kjósa einn.
- 4) **Raufarhöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.  
Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur:

#### 6.8. Austurlandssvæði.

Þar starfa 9 nefndir:

- 1) **Egilsstaðir**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fella-hreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaða-hreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn, en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefndum Norður- og Suður-Múlasýslu kjósa þrjá.
- 2) **Seyðisfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðis-fjarðar.  
Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
- 3) **Vopnafjörður**, skipuð þremur fulltrúum.  
Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.
- 4) **Neskaupstaður**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, en fulltrúar hinna hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Suður-Múlasýslu kjósa einn.
- 5) **Eskifjörður**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðar-kaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaða-hreppur einn kosinn af sveitarstjórn.
- 6) **Reyðarfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.  
Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.
- 7) **Fáskrúðsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum.  
Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Fulltrúar hinna hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Suður-Múlasýslu kjósa einn.
- 8) **Höfn Hornafirði**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu kjósa tvo.

**9) Djúpvogur, skipuð þremur fulltrúum.**

Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Fulltrúar hinna hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Suður-Múlasýslu kjósa einn.

**6.9. Suðurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:

**1) Vík í Mýrdal, skipuð þremur fulltrúum.**

Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Hvammshreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Fulltrúar hinna tveggja hreppanna í sýslunefndum Vestur-Skaftafells-sýslu og Rangárvallasýslu kjósa einn.

**2) Kirkjubæjarklaustur, skipuð þremur fulltrúum.**

Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn og fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu kjósa tvo.

**3) Hvolsvöllur, skipuð þremur fulltrúum.**

Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Rangárvallasýslu kjósa tvo.

**4) Hella, skipuð þremur fulltrúum.**

Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Rangárvallasýslu kjósa tvo.

**5) Laugarás, skipuð þremur fulltrúum.**

Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Fulltrúar hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Árnessýslu kjósa alla fulltrúana.

**6) Selfoss, skipuð sjö fulltrúum.**

Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakkahreppur einn og Stokkseyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Árnessýslu kjósa einn.

**7) Hveragerði, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.**

Starfssvæði: Hveragerðishreppur.

**8) Þorlákshöfn, skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.**

Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.

**9) Vestmannaeyjar, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.**

Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

**6.10. Suðurnesjasvæði.**

Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Keflavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Hvert sveitarfélag kýs einn fulltrúa.

**6.11. Hafnarfjarðarsvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

- 1) **Hafnarfjörður**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.  
Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.
- 2) **Garðabær**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.  
Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

**6.12. Kópavogssvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

- 1) **Kópavogur**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.  
Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.
  - 2) **Mosfellssveit**, skipuð fimm fulltrúum.  
Starfssvæði: Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.  
Mosfellshreppur skal eiga þrjá fulltrúa, Kjalarneshreppur einn og Kjósarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.
- 6.13. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu álitni Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.
- 6.14. Þau sveitarfélög, sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.
- 6.15. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m.a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.
- 6.16. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.
- 6.17. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram.
6. Við 9. gr. 1.—5. tl. orðist svo:
- 9.1. Heilsugæslulæknar (yfirlæknar) skulu vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir, þegar þeim þykir þörf, og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.
  - 9.2. Héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.
  - 9.3. Heilbrigðisnefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórnnum og héraðslæknum afrit fundargerða þegar að loknum fundum.
  - 9.4. Heilbrigðisfulltrúar (framkvæmdastjórar) skulu sitja fundi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og tekin verði þar fyrir tiltekin mál.
  - 9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og að tiltekin mál verði tekin fyrir.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
- 11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisstjórn skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík), sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði tilnefnir heilbrigðisráð 3 fulltrúa og heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 1 fulltrúa. Á Suðurnesjasvæði fer heilbrigðisnefnd með störf svæðisnefndar auk héraðslæknis, sem er formaður.
  - 11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

- 11.3. Verkefni svæðisnefnda er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.
8. Við 14. gr. 1. tl. orðist svo:
- 14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefnir einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.
9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
- 15.1. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og/eða reynslu á sviði hollustuháttamála og í stjórnun.
- 15.2. Forstjóri annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann undirbýr fundi stjórnar og sér um framkvæmd ákvarðana hennar.
10. Við 17. gr.
- a. 2. tl. 2 falli niður.
- b. 3. tl. orðist svo:
- 17.3. Rannsóknastofa annast þær efna- og gerlafræðilegar rannsóknir, sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Enn fremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.
11. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
- 23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðaskiptingu 6. gr. 2.—12. tl.
12. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
- 24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.
- 24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.
- 24.3. Um skiptingu kostnaðar milli viðkomandi sveitarfélaga á eftirlitssvæði fer samkvæmt íbúafjölda.
- 24.4. Starf heilbrigðisfulltrúa telst fullt starf. Að jafnaði skulu ekki koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.
- 24.5. Einn heilbrigðisfulltrúi hvers svæðis skal vera framkvæmdastjóri eftirlitsins á svæðinu.
13. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
- 31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða.
- 31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980 og lög nr. 108/1974, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki hver inn á annars svið né mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr.

Samstarfsnefndinni er enn fremur heimilt að gera tillögur til stjórnna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið. Skal nefndin koma saman eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

- 31.3. Rísi upp ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tillögur eða framkvæmd hollustuháttaráðstafana skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.
14. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
- 36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins, svo og ósamrýmanleg ákvæði annarra laga.
15. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Skal ráðherra í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti: Einn fulltrúi landlæknis, einn frá Matvælarannsóknum ríkisins, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands og einn fulltrúi án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Skal nefnd þessi starfa þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa.
  2. Reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem kostur er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglugerðir, sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til, vera í fullu gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
  3. Þar til reglugerð um mengunarvarnir hefur verið staðfest gilda ákvæði reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og eins skulu fyrirtæki, sem hafa starfsleyfi skv. þeim ákvæðum, halda óbreyttu starfsleyfi.
  4. Samþykktir sveitarfélaga, staðfestar af ráðherra, skv. lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, halda gildi sínu fari þær ekki í bága við ákvæði laga þessara.
  5. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem eru í starfi við gildistöku laganna, skulu að fullu halda réttindum sínum þrátt fyrir ákvæði 26. gr. 4. tl. um menntun, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við gildandi lög.
  6. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar, áfengisvarnaráðs og manneldisráðs, sbr. 21. gr. 1. tl., undir starfsemi hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.
  7. Hollustuvernd ríkisins skal þegar eftir gildistöku laganna standa fyrir námskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa, sem hafa ekki tilskilda sérmenntun skv. lögum þessum.
  8. Hollustuvernd ríkisins skipuleggur þegar í stað í samvinnu við heilbrigðis- og fræðsluyfirvöld nám heilbrigðisfulltrúa.
  9. Ríkisstjórnin láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.
  10. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.
16. Við fyrirsögn. Frumvarpið heitir:  
Frumvarp til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.